

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Húsavíkur nr. 285 18. des.
1970 með síðari breytingum.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 440.00 á mánuði fyrir hvern mínútulitra í hámarksstillingu heimilis.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi hinn 1. marz 1973 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. febrúar 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

14. febrúar 1973.

Nr. 157.

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og stöður bifreiða í Hafnarfjarðarbæ:

1. Umferð um **Hringbraut** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um allar götur, sem að henni liggja milli Lækjargötu og Suðurgötu.
2. Umferð um **Óldugötu** hefur forgangsrétt fyrir umferð um allar götur, sem liggja að henni milli Hringbrautar og Reykjanesbrautar (Keflavíkurvegur).
3. Umferð um **Hjallabraut** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um allar götur, sem að henni liggja frá Reykjavíkurvegi.
4. Reglur um einstefnuakstur á Austurgötu breytast þannig frá gildistöku þessarar auglýsingar, að einungis er heimilt að aka nefnda götu til vesturs frá **Linnetsstíg** út á Reykjavíkurveg. Áður settar reglur um einstefnuakstur til austurs á **Austurgötu** frá **Linnetsstíg** að Lækjargötu haldast hins vegar óbreyttar.
5. Einstefnuakstur til vesturs verður um Tunguveg frá Reykjavíkurvegi að Norðurbraut.
6. Einstefnuakstur til vesturs verður um Lækjarkinn frá Bárúkinn að Lækjargötu.
7. Bifreiðastöður eru bannaðar við **Hverfisgötu**, þar sem gatan þrengist við tröppur, stéttir og annað þess háttar.
8. Þá hefur verið ákveðið, að eftirtaldar götur og götukaflar verði til reynslu lokaðar fyrir umferð vélknúinna ökutækja frá gildistöku þessarar auglýsingar, þar til öðru vísi verður ákveðið:
 - a. **Bárúkinn** milli Fögrukinnar og Grænukinnar og milli Bröttukinnar og Köldukinnar.
 - b. **Stekkjarkinn** milli Bröttukinnar og Köldukinnar.
 - c. **Lækjarkinn** verður lokað við Hringbraut.